

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um skift- 38

16. apríl

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. f. m., hefir stjórnarráðinu borist erindi frá hreppsnefndinni í Ljósavatnshreppi í Suðurþingeyjarsýslu um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög ásamt meðmælum sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjer með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Ljósavatnshreppi í Suðurþingeyjarsýslu skal skift í tvö sveitarfjelög, þannig að takmörkin milli hinna nýju hreppa verði landamerkin milli jarðanna Öxarár og Hvarfs vestan Skjálfandafjóts, en Rauðár og Úlfsbæjar austan Skjálfandafjóts, og nefnist syðri hlutinn Bárðdælahreppur, en nyrðri hlutinn haldi nafninu Ljósavatnshreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Ljósavatnshrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Bárðdælahrepps komi $\frac{6}{11}$ hlutar, en í hlut Ljósavatnshrepps $\frac{5}{11}$ hlutar, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Þó skulu afrjettarlönd þau, sem nú eru eign hins óskifta Ljósavatnshrepps, framvegis vera sameiginleg og óskift eign hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig kveður á um fjallskil.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gjörð á hinum forna Ljósavatnshreppi sem dómpinghá nje manntalsþinghá.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um 39

19. apríl

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. f. m., hefir stjórnarráðinu inu borist erindi frá hreppsnefndinni í Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög ásamt meðmælum hlutadeigandi sýslunefndar með því að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjer með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu skal skift í tvö sveitarfjelög, þannig að Sauðárkrókskaupún með jörðinni Sauða verði hreppur út af fyrir sig og